

Heilbrigði og velferð

Fyrsti fundur – HVO – mánudagur 24.ágúst.

- Hvað kemur á eftir 6 vikna áætlun? Vinna með það
- Lífsleikni gleymist oft í skipulagi – námskrá – lífsleikniáætlun → uppeldi til ábyrgðar
- Skoða það að vera með heilsuuppskrift (græna drykkinn) → (fréttabréf frá skólanum)
- Vinna meira með uppeldi til ábyrgðar
- Hulda og Ingvi → allt sem að tengist íþróttum
- Rósa, Sibba, Jónína → uppeldi til ábyrgðar
- Þórdís og Laufey → Grænfánin

14.september 2020

Mætt: Þórgunnur, Laufey, Berglind, Hulda, Ingvi, Jónína, Sibba, Rósa og Þórdís

Berglind er búin að útbúa lista til að hengja upp í bekkjunum, hugmynd að verðlauna þá sem standa sig best. Berglind kemur listunum til umsjónarkennara og Hulda og Ingvi vinna úr listunum. Hulda og Ingvi ætla útbúa plagg til veita 1. 2. og 3 sæti viðurkenningu.

Starfsmannasáttmáli: Breyttum örlítið orðalagi, Þórgunnur ætlar að heyra í Villa og athuga hvort hann geti sett setningarnar á varanlegan límmiða sem væri hægt að hengja upp víðsvegar um skólann. Berglind og Þórdís ætla útfæra sáttmálann á þann hátt að allir geti sett mynd af sér og nafn á hann til samþykkis, útgáfan verður að vera tilbúin 5.október 2020. Þórdís sendir póst á starfsmenn og fær myndir af starfsmönnum til að prenta út og setja á sáttmálann.

5.október biðja umsjónarkennara að sýna bekkjarsáttmálana sína og allir starfsmenn koma með þarfaplattana sína.

Þann 12.október getur teymið notað þann fundartíma til að kynna útikennslusvæðin og hugmyndir að verkefnum.

Ræddum aðeins um sælgætis-og gosneyslu nemenda. Nemendur halda áfram að koma með sælgæti og gos í skólann. Höldum áfram að minna nemendur á að þetta er ekki leyft á skólatíma. Reyna höfða til þeirra að þetta kosti peninga og er óumhverfisvænt?

Lena og Sunna eru að vinna við gerð lífsleikniáætlunar, fá kynningu á henni.

Fá nemendur til að útfæra betur umhverfisvegginn í Heppuskóla og Hafnarskóla. –Þórdís og Berglind

Þórdís að útbúa fb síðu fyrir hópinn

8.september 2020

Mætt: Sibba, Laufey, Rósa, Þórdís, Jónína, Berglind, Þórgunnur

Umhverfisnefnd nemenda er með þemað hnattrænt jafnrétti, eitt af verkefnum þar inn af eru skólaþing en nemendur komu með hugmyndir af eftirfarandi verkefnum:

Hugmyndir af verkefnum:

- Að nemendur verðleggi það sem þeir taki með sér í skólann? Nemendur í umhverfisnefndinni kynni þetta fyrir sínum bekk og haldi utan um þessa vinnu.
- Fjölmeningardagur/kvöld, nemendur elda og baka frá öðrum löndum og kynna hvert land fyrir sig.
- Hlutverkaleikur þar sem nemendur setja sig í spor annarra, hver bekkur fyrir sig?
- Hafa sjálfbærnidaga á þemadögum.
- Skoða hvaðan maturinn kemur? Kemur hann allur frá Íslandi? Nota einn dag til að skoða matinn sem er seldur í nettó, hvaðan kemur hann?

Þeim langar að fá flóttamann til að koma og segja frá sinni vegferð: Ritgerð eftir Brynju Dögg Friðriksdóttir. Athuga skemmu, Þórdís ætlar að heyra í Hildi Ýr hvort henni dettur einhver í hug. X

16.september: Dagur íslenskrar náttúru: Ljósmyndakeppni á mið og unglingastigi. Hvað langar okkur að gera þennan dag?

Göngum í skólann: Berglind ætlar að hengja upp nafnalista hjá hverjum bekk til að nemendur geta merkt við sig hvernig þeir komu í skólann og Þórdís sendir póst að við ætlum að byrja í þessu átaki á degi íslenskrar náttúru.

Dagur íslenskrar náttúru: 1.flottasta myndin, flottustu litirnar og texti úr íslensku dægurlagi á myndirnar. Engar manneskjur? Laufey ætlar að vinna þetta verkefni með nemendum.

Plastlaus september, hvernig viljum við vekja athygli á honum og taka þátt í því átaki?

Hver bekkur á einn mánuð til að fara tína rusl. Taka myndir og setja í fréttabréfið - Þórdís sendir póst

Berglind kom með hugmynd að vinna verkefni og útiildunaraðstöðu hjá Miklagarði/rústir, þannig að það yrði verkefnabanki fyrir kennara.

Berglind, Laufey og Þórdís ætla hittast til að útfæra fleiri hugmyndir að verkefnum sem nemendur geta unnið í tengslum við að útfæra nánasta umhverfi.

Fyrsti fundur – HVO – mánudagur 24.ágúst.

- Hvað kemur á eftir 6 vikna áætlun? Vinna með það
- Lífsleikni gleymist oft í skipulagi – námskrá – lífsleikniáætlun → uppeldi til ábyrgðar
- Skoða það að vera með heilsuuppskrift (græna drykkinn) → (fréttabréf frá skólanum)
- Vinna meira með uppeldi til ábyrgðar
- Hulda og Ingvi → allt sem að tengist íþróttum
- Rósa, Sibba, Jónína → uppeldi til ábyrgðar

- Þórdís, Berglind og Laufey → Grænfáninn

27.okt

Eineltisdagurinn: Just dance í íþróttahúsi, þeir sem eiga vera kenna nemendum þann tíma sem það er koma með börnunum, það þurfa ekki fleiri að mæta með. Þeir sem vilja og eru viðkvæmir geta mætt með grímu og hanska. Vera með fræðslu fyrir nemendur um einelti. Tala frekar um góð samskipti heldur en einelti.

- Hugmyndir að reynslusögum frá börnum um einelti
- Myndband með Björgvin Páli góð fræðsla, einugis 5 mín myndband
- Taka af lykklappunni á næsta kennarafundi 2.nóv
- Gera skoðunarkönnun um hvort fólk vill fá Söndru Kíró í skólann.

11. mars

Fundur í Hafnarskóla

Mættir: Hulda, Berglind, Rósa, Fjóla, Jónína.

- *Fara yfir niðurstöður úr könnuninni sem var gerð fyrir þónokkru um hugmyndir starfsfólks um uppeldi til ábyrgðar?* Flestir segjast gera það sem lagt er upp með að gera að hausti til, bekkjarsamninga, þarfaplatta og fylgja 6 vikna áætluninni. Flestir á því að það væri hægt að gera meira. HOV leggur það til að uppfæra veggspjöld sem tengjast UTÁ og gera stefnuna meira áberandi innanhús í þeirri von að oftast sé gripið til þess að nota hana í samskiptum við nemendur.
- Við ætlum að skipuleggja saman næsta vinnufund sem verður 7.apríl. Hugmyndin er að vera með menntabúðir þar sem farið verður ítarlegra yfir nokkur öpp/forrit. Það er ekki búið að negla þetta niður en líklega verður þetta: Seesaw, Book Creator, Canva, við getum bara rætt það á fundinum.
 - Hugmyndin er að vinna út frá sameiginlegu markmiði sem tengist Heimsmarkmiðunum og Grænfánaverkefninu og þannig getum við lært á app/forrit og safnað okkur saman hugmyndum í verkefnabanka.
 - Þetta verkefni endaði þannig að Ingvi Hrannar var fenginn til að vera með smá kynningu og kennslu á Seesaw. Berglind bjó til heimasíðu í google sites þar sem upplýsingar varðandi umhverfis-og heilsutengd verkefni skólans eins og Grænfánann, Umhverfisdaginn, náms-og skólaferðar, verkefni, útikennsla og allt í þeim dúr eru gerð góð skil.

26. apríl

Mættar: Þórgunnur, Berglind, Fjóla Sigurbjörg, Jónína, Sigurborg Jóna og Rósa
Breyting varð á teyminu um áramót Laufey og Þórdís fóru út, síðan Ingvi en Sigurborg Jóna kom inn í staðinn.

Flott síða með efni um heimsmarkmið og verkefni. Setjum hana hingað inn til að gleyma henni ekki.

<https://www.un.is/skolavefur/heimsmarkmid-sameinudu-thjodanna-um-sjalfbaera-throun/>

- Hafa vitundarvakningu um virðingu, ræða það við nemendur
- Þarf að kenna nemendum að leika sér úti?
- **Taka fyrir kjörorðin okkar eitt í senn á viku næsta haust**
- Senda til kennara hvaða orð er hvaða viku, ekki láta kennara þurfa að vinna með undirbúning um hugtökin.
- Hnatrænt jafnrétti – láta nemendur hafa tillögur
- Agnes í fjallasögunámskeiði hjá FAS – er með tillögu af umhverfissmiðju um sjálfbærni sem 3.-5. Bekkur mun taka þátt í.
- 3. 4. og 5. bekkur búi til umhverfissáttmála bekkjarins sem tengist síðan sáttmála skólans.
- Þemadagar 31. – 1. júlí sem verða nýttir í vinnu með hverjum bekk, ekki hefðbundnir þemadagar.
- Hægt væri að tengja skólaferðalögin við umhverfismennt, bæði sem er farið í á haustin og vorin, það eru verkefni sem fylgja með sumum ferðum en kannski væri hægt að útbúa smá pakka sem hentar vel með öllum ferðum, þá sérstaklega dagsferðum. Við höfum unnið með umgengni, ætti ekki að fara í líka að fjalla um náttúruna, teymið gæti komið með hugmyndir.
- Umhverfisdagurinn – eftir miðjan maí
Hugmyndir:
 - eigum við að taka einn sérstakan dag eða hugsa um svæði.
 - hver bekkur tekur ákveðið svæði, tekur til, tekur myndir og hvað mætti betur fara.
 - hver kennari setur upp fyrir bekkinn úrvinnslu nemenda inn á smore bréf sem allir bekkir skila inn á sama svæði og inn á umhverfisvef skólans, þar geta allir gengið að þessu á ákveðnum stað á netinu.
 - setja inn gildi með verkefninu
 - grilla pylsur á umhverfisdaginn einhvern daginn – ekki 11.-13. maí.
- Rifja upp verkefnið sem unnið hefur verið með nemendum að skoða svæði og vinna með það.
- Finna þarf svæðin sem hver bekkur fær. Rósa og Berglind útfæra það og leggja undir nefndina.
- Spurning hvort við ættum að reyna að höfða til bæjarbúa varðandi umgengni í Báranni.
- Búa til þróunaráætlun fyrir haustið.
- Annan fund í maí og síðan á vordögum.

Fundarritari Rósa

11. maí

Fundur með teymisstjórum LTÁ og HOV

Mættir: Berglind, Hulda, Gunnhildur, Guðjón og Þórgunnur

Það eru þróunaráætlanir í gangi en stundum mætti leggja meiri áherslu á tengja þróunaráætlanirnar við það sem er í gangi hverju sinni.

Spurning að búa til google sides síðu þar sem nemendur gætu tekið þátt í verkefnum

Rætt um hvort það ætti að halda meira af sameiginlegum fundum milli LTÁ – HOV

MMS setti fram mjög gott efni fyrir kennara til að virkja foreldra í lestrarkennslu spurning að kynna það á kynningarfundum í haust – og þurfum við að kvitta fyrir að barn lesi í skólanum

Hermundur mun væntanlega koma í skólann í vor og hann mun hreyfa við fólki – mikilvægt að taka þá umræðu og hvetja fólki til skoðanaskipta.

Mikilvægt að styðja vel við nýsköpunarverkefnið næsta vetur – aukna hreyfingu í skólastarfinu og tölvu og tæknivinnslu í tengslum við þemavinnu – gott að taka þá umræðu líka á sameiginlegum teymisfundum.

4. júní

Mættar: Berglind, Sigurbjörg, Sigurborg Jóna, Fjóla, Hulda Björg, Jónína og Rósa

Fundarritari: Rósa *Berglind bætti við nokkrum atriðum til að byrja næsta haust.

Hvernig skal hefja starfið haustið 2021:

-Byrja haustið á að skipuleggja og skipta með okkur verkum, uppeldi til ábyrgðar, hreyfingu og heilsueflandi grunnskóli og Grænfánann/umhverfismál.

-Hver bekkur er með yfirumsjón yfir skólalóðinni, einn mánuð í senn, sjá um að halda skólalóðinni hreinni. Tengja umhverfissáttmálann inn í þetta.

-Setja fasta fundartíma fyrir teymið – ákveða líka fundartíma fyrir umhverfisteymi nemenda.

Umhverfisteymi nemenda: Rósa verður tengill við umhverfisteymi nemenda í Heppuskóla og Berglind í Hafnarskóla, markmið að hitta þau reglulega og oft auðveldara ef kennarar vinna í sama húsi og teymin. Rósa og Berglind skipuleggja saman þessa vinnu.

Umhverfisveggurinn í hvoru húsi er hluti af þessari samvinnu til þess að hann verði nýttur sem best, þar á að vera áberandi öll vinna í anda HOV. Veggurinn á að vera uppfærður mjög reglulega, nemendur og kennarar sjá til þess, hver bekkur á jafnvel sitt tímabil.

-Fara yfir úttektina/endurgjöf vegna Grænfánans, nota það skjal við skipulag vinnunnar næsta haust.

- Hugmyndir til að vinna með:
- Ákveða hvað verður tekið fyrir í hverjum mánuði á sameiginlegum fundum, 1x í mánuði, fræðsla/upplýsingar frá HOV.
- Þemavikur
- Vinna vegna grænfánans, klára að setja upp Google síðuna <https://sites.google.com/skolapostur.is/umhverfisvefurgrunnskolihofn/home>
- Notað þessar síður <https://www.un.is/skolavefur/heimsmarkmid-sameinudu-thjodanna-um-sjalfbaera-throun/> <https://landvernd.is/graenfaninn/>
- Hreyfing nemenda og starfsfólks.
- Stjórnendur skólans sjái um skiplag og vinnu við teymið, síðan eru þeir upplýstir um niðurstöður fundarins eftir hvern fund.
- Vinna áætlanir fyrir umsjónarkennara til að vinna þemu.
- Sex vikur – Uppeldi til ábyrgðar
- Hnatrænt jafnrétti og úrgangur. Heimsmarkmiðin
- Grenndarkennsla – átthagafræði. Sjá Bragi Guðmundsson sagnfræðingur, Háskólanum á Akureyri. Vefslóð: ojs.hi.is
 - grenndarkennslagvik.weebly.com
 - sites.google.com
 - Þelamerkurskóli
 - malthing.natturutorg.is